

### Alyktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla ofangreindra gagna og upplýsinga.

---

Miðvikudaginn 20. desember 1961.

Nr. 180/1960. **Muninn h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

**Kristóbert Rósinkarssyni og gagnsök**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómaraarnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Torfason.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómendunum Haraldí Guðmundssyni skipstjóra og Rögnvaldi Jónssyni, fyrrverandi skipstjóra.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 24. október 1960, og krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir báðum réttum.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 12. desember 1960, og gert þær réttarkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 186.246.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim tíma til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af fjárhæðinni frá þeim tíma til greiðsludags.

Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum úr hendi aðaláfrýjanda og að viðurkenndur verði sjóveöréttur í v/b Pólstjörnnunni, ÍS 85, fyrir öllum dæmdum kröfum.

Fallast má á það með héraðsdómi, að eyrun, sem soðin voru á spilkoppinn og tekin voru af honum strax eftir slysið að tilhlutan skipstjórans og ekki hafa komið í leitirnar þrátt fyrir eftirgrennslan sjó- og verzlunardómsins, megi teljast til vanbúnaðar, sem aðaláfrýjandi ber ábyrgð á, enda verður hann að bera hallann af, að sönnunargagn þetta fór forgörðum.

Hins vegar verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi sýnt af sér mikla óvarkárni í starfi sínu við uppskipunina.

Er því rétt að skipta ábyrgð á tjóninu þannig, að aðaláfrýjandi beri ábyrgð á tjóninu að  $\frac{1}{3}$  hluta, en gagnáfrýjandi að  $\frac{2}{3}$  hlutum.

Bótakrafa gagnáfrýjanda sundurliðast þannig:

1. Örorubætur .....	kr. 135.796.00
2. Fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum .....	— 50.000.00
3. Tjónútreikningur .....	— 450.00

---

Kr. 186.246.00

Ad. 1. Samkvæmt nýjum tjónútreikningi Guðjóns Hanssens tryggingafræðings, dags. 17. þ. m., metur hann tapaðar vinnutekjur gagnáfrýjanda kr. 140.552.00, miðað við slysdag. Er þá ekki reiknað með greiðslum þeim, sem gagnáfrýjandi hefur fengið, né því, að tjónbætur eru skattfrjálssar og þægindunum við að fá þá greiðslu í einu lagi.

Eftir atvikum þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 90.000.00, og er þá tekið tillit til greiðslna þeirra, sem gagnáfrýjandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins og aðaláfrýjanda.

Ad. 2. Bætur þær, sem krafizt er undir þessum lið, þykja hæfilega metnar kr. 24.000.00.

Ad. 3. Þessi liður verður tekinn til greina með fullri upphæð.

Aðaláfrýjandi ber því að greiða gagnáfrýjanda  $\frac{1}{3}$  hluta af kr. 90.000.00 + kr. 24.000.00 + kr. 450.00 = kr. 38.150.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagn-

áfrýjanda málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8000.00.

Sjóveðréttur til handa gagnáfrýjanda í v/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir framanskráðum upphæðum viðurkennist.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Muninn h/f, greiði gagnáfrýjanda, Kristóbert Rósinkarssyni, kr. 38.150.00 með 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim tíma til 29. desember 1960 og 7% frá þeim tíma til greiðsludags svo og kr. 8000.00 í málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir þessum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

#### Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa ýmis ný gögn verið lögð fyrir Hæstarétt í málinu.

Gagnáfrýjandi stjórnaði hinn 2. júlí 1959 dráttarvindu v/b Pólstjörnunnar, ÍS 85, 24 rúmlestir óskírar, við uppskipun á afla að lokinni veiðiför. Dráttarvinda þessi var fest í skipið stjórnborðsmegin framan við lestina og knúinn af aflvél skipsins, sem var í tengslum við gangverk vindunnar um ás í fæti vindunnar og láréttan ás neðan þilja. Gangverk vindunnar var tannhjólasamstæða, sem gekk í oliulög og var lukt sporöskjulöguðum málmkassa. Ofan á tannhjólakassanum var handfang. Var dráttarvindan sett í gang og stöðvuð með því að færa handfangið fram og aftur. Einnig var á tannhjólakassanum dráttarkoppur, sem knúinn var af gangverkinu. Á dráttarkoppinn höfðu verið soðin fjögur hálfsvöl „eyru“. Við þau var strengjaskífa

fest með boltum, þá er dráttarvindan var notuð við línu-drátt. Við uppskipun afla var strengjaskífan og boltarnir tekin burt, en dráttarkoppurinn notaður einn. Við uppskipunina 2. júlí 1959 var gagnáfrýjandi einn á þilfari og stjórnaði dráttarvindunni. Lenti hann þá í virum vindunnar. Þumalfingur hægri handar lenti undir „losunarvírinn“, og missti hann hálfra aðra kjúku framan af fingrinum og rifbrotnaði.

Tildrög slyssins eru að sögn gagnáfrýjanda þau, að hann hafi hallað sér fram á við til að gá ofan í lestina. Hafi þá vinnustakkur hans komið við dráttarkoppinn og festst á honum. Hafi hann þá ósjálfrátt stutt hendinni á dráttarkoppinn og vírinn þá lagzt yfir þumalfingur hægri handar og hert að með þeim afleiðingum, að fingurinn skarst í sundur. Engin vitni voru að aðdraganda slyssins, en menn komu bráðlega á vettvang og losuðu gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi reisir bótakröfu sína aðallega á því, að „eyrun“ á dráttarkoppnum hafi valdið slysinu. Telur hann um að tefla sök „hjá eiganda og forsvarsmönnum skipsins, vanbúnað skips og bilun og ágalla á tækjum þess, skort á öryggisbúnaði, sem hefði getað komið í veg fyrir slysið“. Hann krefst kr. 186.246.00 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og rakið er í kröfugerð, og sjóveðréttar í v/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir öllum dæmdum kröfum. Krafan um sjóveðrétt bendir til þess, að málsóknin sé reist á hirðuleysi skipstjóra, sbr. 13. gr. og 4. tl. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914.

Um útbúnað dráttarvindunnar í v/b Pólstjörnunni hafa skipaskoðunarmennirnir Helgi Þorbergsson og Steinar Steinarsson gefið skýrslu hinn 28. apríl 1960, sem þeir síðar staðfestu fyrir dómi. Þeir segja: „Að gefnu tilefni vottast, að spil það af Þingeyrargerð, sem var í m/b Pólstjarnan, ÍS 85, 2. júlí 1959, var eins og spilin í mörgum öðrum bátum hér. Teljum við, að smávægileg breyting frá því, sem þau voru upphaflega, er gerð hafði verið á mörgum þeirra, sem sé, að soðin höfðu verið á spilkoppna 4 hálfsvöl eyru til boltafestingar, hafi eigi getað orsakað slysaættu. Við sáum því ekkert athugavert við spilið, er skoðun fór fram

vorið 1959“. Helgi Þorbergsson tók fram fyrir dómi, að „eyrun“ hafi verið um 1½ þuml. frá brúninni á dráttar-koppnum. Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti var sýnd sams konar dráttarvinda og sú, sem var í v/b Pólstjörnunni.

Gagnáfrýjandi er vélstjóri að mennt. Hann vann að vél-búnaði v/b Pólstjörnunnar 1959. Hann var vélstjóri á bátnum gegn svonefndum „aldrætti“ að launum, þá er slysið varð. Hann hafði sökum vélmenntunar sinnar og starfa við dráttarvinduna allra manna bezt skilyrði til að leggja dóm á öryggisbúnað hennar. Hann kvartaði samt ekki, svo séð verði, undan útbúnaði dráttarvindunnar eða svonefndum „eyrum“ á dráttarkoppnum, sem höfðu sínu sérstaka hlutverki að gegna samkvæmt því, er sagt var, og virtust eigi hættuleg, eins og skipaskoðunarmennirnir taka réttilega fram. Bendir öll framkoma gagnáfrýjanda fyrir slysið því eindregið til þess, að hann hafi talið útbúnað dráttarvindunnar í lagi og sig einfæran um að stjórna henni. Gagnáfrýjandi er einn til frásagnar um aðdraganda slyssins. Hefur honum eigi tekizt að færa nægar líkur að því, að „eyrun“ eða annar útbúnaður dráttarvindunnar hafi verið orsök slyssins, og enn síður að því, að þau hafi verið vá-væn (adækvat) orsök þess. Með vísun til þess, sem nú var rakið, þykir eigi rétt að skella skuldinni af slysinu að öllu eða nokkru á skipstjóra skipsins eða aðra fyrirsvarsmenn þess, og breytir það engu hér um, þótt skipstjóri hafi síðar af sjálfs sín hvötum látið breyta dráttarvindunni.

Með skirskotun til ofangreindra atriða og raka ber að dæma aðaláfrýjanda sýknan af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Muninn h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kristóberts Rósinkarssonar, í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 13. september 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 13. september, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með sjódomsmönnum Haraldi Guðmundssyni skipstjóra og Rögnvaldi Jónssyni, fyrrverandi skipstjóra, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 7. september s.l.

Mál þetta hefur Kristóbert Rósinkarsson vélstjóri, Aðalstræti 15, Ísafirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 9. maí 1960, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 186.246.00, ásamt 10% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir öllum dæmdum kröfum.

Undir flutningi málsins hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þá lund, að honum verði dæmdir 6% ársvextir af dæmdum kröfum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960 og 10% ársvextir af upphæðinni frá þeim tíma til greiðsludags. Þá hefur hann fallt á, að frá dæmdum kröfum verði dregnar kr. 25.562.75, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Hins vegar mótmælti hann því, að til frádráttar kæmu þær kr. 9.000.00, sem stefndi hefur greitt til stefnanda sem kaup eða hlut í einn mánuð, eftir að slysið varð.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að kröfuupphæðir stefnanda fyrir örorku, þjáningu o. fl. verði lækkaðar að miklum mun og að stefnda verið aðeins gert að greiða  $\frac{1}{4}$  hluta bóta, að frádragnum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins og honum sjálfum, samtals kr. 34.562.75.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir: Fimmtudaginn 2. júlí 1959, kl. 10 f. h., kom m/b Pólstjarnan af færaveiðum og lagðist að Bæjarbryggjunni á Ísafirði, en stefnandi var vélstjóri á bátnum. Unnið var við að skipa upp aflanum, og var stefnandi við línuspilið á þilfari að „hífa“ upp fisk úr lestinni með koppnum, en tunna var látin síga niður í lestina, og var fiskurinn látinn í hana. Stefnandi var einn á þilfari, en þrír menn voru í lest. M/b Ver lá við Bæjarbryggjuna gegnt Pólstjörnunni, sem lá Torfnesmegin við bryggjuna. Skipstjórinn á m/b Ver, Sturla Agnar Guðmundsson, gekk í þann mund yfir bryggjuna og ætlaði að fá fregnir

af afla hjá skipverjum Pólstjörnunnar. En þegar hann kom á bryggjukantinn, þar sem Pólstjarnan lá, sá hann, að stefnandi var orðinn fastur í línuspilinu, og virtist Sturlu Agnari vírarnir hafa hert svo að stefnanda, að hann gæti ekki gefið frá sér hljóð. Sturla Agnar kom þegar stefnanda til hjálpar og kopl-aði þegar frá spilinu og stöðvað það. Á meðan þessu fór fram, kom skipstjórinn á Pólstjörninni, Guðbjörn Jón Jónsson, Viktor sonur hans, Hinrik Guðmundsson og Arnar sonur hans til hjálpar, en ekki gekk greiðlega að losa stefnanda, fyrr en þeir höfðu „fírað bómunni“.

Skipstjórinn á Pólstjörninni var uppi á vörubíl á bryggjunni, er slysið vildi til, og kallaði Sturla Agnar til hans, að maður væri fastur í spilinu, og stökk hann þegar niður af bílnum og um borð í skipið. Fór hann síðan niður í vélarrúm og stöðvaði vél skipsins. Hann sá ekki, hvernig slysið vildi til.

Hinrik Guðmundsson var niðri í lest skipsins ásamt Arnari syni sínum og Viktor syni skipstjóra. Þeir heyrðu hljóð frá stefnanda og hlupu þegar upp á þilfar. Var stefnandi þá orðinn fastur í spilinu og vírinn vafinn utan um hann.

Sturla Agnar Guðmundsson, sem komið hafði stefnanda til hjálpar, bað þá að sækja hnif. Arnar sótti hnif og fékk Sturlu Agnari, en Hinrik var með vasahnif og hjálpaði til að skera fötin, og tókst þeim, eins og fyrr greinir, að losa stefnanda, og var honum síðan ekið tafarlaust á sjúkrahús. En þegar bíllinn var lagður á stað með stefnanda, tók Sturla eftir blóðugum vettlingi, sem lá á þilfarinu, og þegar hann athugaði vettlinginn, kom í ljós, að þar var fingurköggull með viðloðandi allt að sex þumlunga langri afltaug. Sendi Sturla Agnar þegar með fingurköggulinn á sjúkrahúsið.

Ekki er vitað, að neinn áhorfandi hafi verið að því, hvernig slys þetta vildi til. Stefnandi telur, að það hafi orsakast þannig, að hann hafi verið að gá ofan í lestina til þess að vita, hvort búið væri að fylla tunnuna, og hafi hann við það hallað sér fram á við með þeim afleiðingum, að takkarnir (þ. e. eyrun), sem stóðu út úr efri rönd koppsins, sem híft var á, festust í vinnustakk hans, og dróst hann með spilinu. Hann kvaðst hafa ætlað að losa sig, en þá hafi þumalfingur hægri handar lent undir losunarvírnum með þeim afleiðingum, að framan af honum klipptist.

Stefnandi telur, að slysið hafi orsakast vegna þess, að takkarnir, sem stóðu út úr efri rönd koppsins, hafi ekki verið teknir

af, áður en spilið var notað til löndunar. Skipstjórinn á Pólstjörnnunni, Guðbjörn Jón Jónsson, kvað koplinguna hafa verið á spilhausnum. Til þess að halda henni í skorðum var fjöður, sem í þenna mund var biluð, en í stað þess hafi verið notuð snærislykkja, sem smokkað var upp á enda koplingarsveifarinnar, en hægt var að kippa snærinu frá með einu handtaki, er koplað var frá. Skipstjóri taldi, að þessi útbúnaður hefði ekki þurft að orsaka slys og spilið eins útbúið og í öðrum bátum og forsvaranlegt að öllu leyti.

Sturla Agnar Guðmundsson, skipstjóri á m/b Ver, taldi hugsanlegt, að slysið hafi orsakast af því, að búíð hafi verið að taka strengjaskífuna af og takkarnir, sem við koppinn voru festir, hafi verið berir. Annars kvaðst hann ekki vita, hvernig slysið hafi viljað til, en tapparnir hafi staðið inn í kviðarholið og síðuna á stefnanda. Hann sagði, að hér væru sams konar spil, að því undanskildu, að boltarnir fylgja strengjaskífunni, en á spilinu í Pólstjörnnunni séu þeir soðnir við aðdráttarkoppinn.

Guðbjörn Jón Jónsson skipstjóri sagðist hafa stöðvað vélina til öryggis, af því að honum hafi sýnt spilið halda áfram að snúast, eftir að búíð var að kopla frá.

Þá sagði hann, að skipverjarnir sex hafi sofið að meðaltali 3 klukkustundir á sólarhring og hafi stefnandi sofið 2½ klukkustund á heimleiðinni 2. júlí 1959, og hafi verið búinn að sofa eina klukkustund áður um morguninn. Þá skýrði skipstjórinn frá því, að hann hefði verið aflahæstur í þessari veiðiför, en stefnandi næstur honum. Aflinn hefði verið um 9 lestir. Skipshöfnin hafi ekki verið þreytt. Veiðiförin stóð yfir í 3 daga.

Afleiðingar slyss þessa urðu þær samkvæmt örorkumati Ragnars Ásgeirssonar héraðslæknis, dags. 24. nóvember 1959, að stefnandi missti hálfu aðra kjúku framan af þumal fingri hægri handar og rifbrotnaði. Var gert að meiðslum hans samdægurs á Ísafirði, en í lok ágúst mánaðar var fingermeiðslið lagfært í slysavarðstofunni í Reykjavík. Samkvæmt örorkumatinu taldi héraðslæknir varanlega örorku hæfilega metna 18%. Örin á fingrinum væru gróin og rifbrotið gróið án eftirkasta. Stefnandi hefði farið að vinna við vörzlu við Sundlaug Ísafjarðar um miðjan september 1959.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað örorkutjón stefnanda og miðað við vinnutekjur stefnanda árið 1958, en þær voru samkvæmt skattframtali kr. 59.293.00. Hann taldi, að þessi upphæð væri mjög lík meðaltekjum verkamanna í Reykjavík.

Taldi hann því ekki óeðlilegt að umreikna tekjurnar til kauplags, eins og það er nú, með tilliti til breytinga á taxta vélgæzlumanna í Dagsbrún. Við slíkan umreikning komi í ljós, að brúttótekjur ársins 1957 hafi raunverulega verið nokkru hærri en brúttótekjur ársins 1958, og styðji það þá aðferð að miða tap vinnutekna við tekjur ársins 1958, þótt upplýsingar um vinnutekjur fyrri ára vanti. Umreiknaðar vinnutekjur þess árs telur tryggingafræðingurinn að nemi nú kr. 60.964.00, og sé 18% af þeirri upphæð kr. 10.973.52. Sé gert ráð fyrir, að þessi upphæð tapist árlega frá slysdegi og svo lengi sem starfsorka endist, reiknast honum til, að verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nemi kr. 125.755.00. Sé reiknað með algerri örorku í tvo og hálfan mánuð fyrst eftir slysið, hækki ofangreind fjárhæð um kr. 10.041.00.

Við þenna reikning kveðst tryggingafræðingurinn ekki hafa tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Hann kvaðst hafa reiknað með 6% aktiftöflum, samræmdum eftir lifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950.

Bótakröfuna hefur stefnandi sundurliðað þannig í stefnu:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi tryggingafræðingsins .....	kr. 135.796.00
2. Fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum .....	— 50.000.00
3. Tjónútreikningur .....	— 450.00

---

Samtals kr. 186.246.00

---

Í greinargerð gerir umboðsmaður stefnanda þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða umbjóðanda sínum ofangreinda fjárhæð eða aðra lægri að mati dómsins ásamt 6% frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960 og 10% af dæmdri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi telur, að stefndi beri fébótaábyrgð á þessu slysi og öllum afleiðingum þess, sé hér um sök að ræða hjá eiganda og forsvarsmönnum skipsins, vanbúnað skips, bilun og ágalla á tækjum þess, skort á öryggisbúnaði, sem hefði getað komið í veg fyrir slysið. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að vítavert hafi verið að setja hann einan til vinnu við spilið á dekki, eins og á stóð og vinnan hættuleg undir þeim kringumstæðum, sem þarna voru. Telur stefnandi, að framangreind atriði og fleiri, sem hann áskilur sér rétt til að rekja síðar, leggi óskoraða bótaábyrgð á stefnda í málinu.

Það er upplýst í málinu, að enginn sjónarvottur var að því, með

hverjum hætti slysið vildi til. Um þau atvik er stefnandi einn til frásagnar. Daginn eftir að slysið varð, lét Guðbjörn Jón Jónsson, skipstjóri á m/b Pólstjörnunni, rífa af spiloppnum eyru (takka) þau, er soðin höfðu verið á hann, 4 að tölu, án vitundar útgerðarmanns skipsins, að því er hann fullyrðir, og án þess að nokkur skoðun færi áður fram á spilin. Þessi eyru hafa ekki fundizt þrátt fyrir eftirgrennslan.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð skipaskoðunarmannanna Helga Þorbergssonar og Steinars Steinarssonar, þar sem þeir lýsa því yfir sem sínu álit, að eyrun hafi ekki getað orsakað slyshættu, og hafi þeir ekki séð neitt athugavert við spilið, er skoðun fór fram vorið 1959. Þeir mættu fyrir dómi og staðfestu vottorð sitt. En stefnandi mótmælti vitnisburði þeirra sem röngum.

Í málinu hefur verið lagður fram uppdráttur af þilfari m/b Pólstjörnunnar, sem sýnir afstöðu spilsins við lestaropið. Einnig hefur verið lagður fram uppdráttur af spili, áþekku því, sem er í Pólstjörnunni, með eyru á koppnum, mjög líkum þeim, sem voru á spili Pólstjörnunnar.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að um sök hafi verið að ræða hjá stefnda, fyrst og fremst af því að eyrun voru ekki tekin af koppnum, um leið og strengjaskífan var numin burt, og einnig sökum þess að stefnandi var látinn vera einn við vinnu á þilfari. Hann hefur haldið því fram, að tannhjólaspilin, eins og Pólstjörnuspilið, sem snúist aðeins á einn veg, sé alls ekki ætluð til notkunar við löndun. Þau séu orðin úrelt og ekki forsvaranlegt að nota þau. Víðast hvar sé búið að setja dekkspil í skip til löndunar. Það þekkist ekki við löndun, að ekki séu hafðir lúgumenn, eins og hér átti sér stað. Þá sé bæði hafður spilmaður og lúgumaður til þess að leiðbeina spilmanninum. Sökum skorts á öryggisútbúnaði hafi verið hættulegt að vinna, þar sem stefnandi var. Öll þessi atriði leggi óskoraða fébótaábyrgð á stefnda.

Stefndi hefur hins vegar á það bent, að skipið hafi verið búið að fara í 7 veiðiferðir, áður en slysið varð, án þess að nokkuð kæmi fyrir. Sams konar spil séu notuð í mörgum bátum, og viti hann ekki til, að hafðir séu lúgumenn við löndun. Stefndi hefur einnig haldið því fram, að vanbúnaður skipsins, ef um slíkt hefði verið að ræða, væri skipstjóra og vélstjóra að kenna, því að stefndi hefði látið þá fá allt, sem þeir hefðu farið fram á. Eyrun á koppnum hefðu verið numin burtu án vitundar hans. Stefndi hefur lagt sérstaka áherzlu á það, að stefnandi hafi verið mjög vansvefta eftir veiðiferðina. Hann hafi verið næstur skipstjóra að drætti, og

það hefði komið fram í málinu, að hann hefði mjög lítið sofið. Þá hefur hann fullyrt, að ekkert hafi verið að spiliinu, sem orsakað gæti slys, nema um ógætni væri að ræða af hálfu spilmannsins. Ef gætt hefði verið almennrar varúðar, eins og nauðsynlegt sé við öll spil, hefði ekkert slys orðið. En sökum þess hversu ástatt var með stefnanda (þ. e. hve hann var vansvefta), gætti hann ekki þeirrar varúðar, sem gæta þurfti.

Eins og fram kemur í atvikalýsingunni, er stefnandi einn til frásagnar um það, hvernig slysið vildi til. En það er ljóst af öllum atvikum, að það vildi annað hvort til með þeim hætti, að fatnaður stefnanda festist í eyrunum á koppnum eða að þumalfinger hans festist undir vírvafningi á koppnum. Þegar að var komið, var fatnaður hans fastur á eyrunum og vírinn vafinn utan um hann.

Það er álit hinna sérfróðu samdómenda, sem báðir eru gagnkunnugir störfum á vélbátum, að eyrun megi teljast til vanbúnaðar, sem geti átt þátt í því að slysið varð.

Hins vegar hafi stefnandi með óvarkárnri einnig átt sök á því, hvernig fór. En hann hallaði sér yfir spilið, að því er hann hefur skýrt frá, með þeim afleiðingum, að eyrun festust í vinnustakk hans.

Leiðir þetta til þess, að stefndi beri bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni, er hann varð fyrir, en þó þannig, að hann bæti stefnanda tjónið að  $\frac{3}{4}$  hlutum, þegar virt eru vinnuskilyrði þarna og hversu rík ástæða var til fyrir stefnanda að gæta fyllstu varúðar.

Verða nú bótakröfur stefnanda teknar til athugunar:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi tryggingafræðings kr. 135.796.00. Stefndi hefur haldið því fram, að reikningur tryggingafræðingsins sé ekki nógu nákvæmur, sökum þess að hann hafi aðallega miðað við tekjur ársins 1958 í stað þess að miða við meðaltekjur 3ja ára fyrir slys. Í málinu hafa verið lögð fram skattframtöl stefnanda fyrir árin 1955—1958, og verða meðalbrúttótekjur þeirra ára um 66 þúsund krónur, en meðalnettótekjur nær 56 þúsund krónur. Virðist því samkvæmt þessu sem tryggingafræðingurinn hafi ekki miðað reikning sinn við of háar tölur. Þar sem kröfu þessari virðist í hóf stillt, verður upphæðin lögð til grundvallar við ákvörðun bóta úr hendi stefnda. Stefndi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins eingreiðslu, kr. 23.242.00, og dagpeningagreiðslu til 14. september 1959, er hann varð vinnufær, kr. 2.322.75, eða samtals kr.

25.564.75, og hefur stefnandi fallizt á, að sú upphæð verði dregin frá bótaupphæðinni, og ber að gera það. Stefndi greiddi stefnanda kr. 9.000.00, eins mánaðar kaup, vegna slyssins. Hefur stefnandi mótmælt því, að sú upphæð verði dregin frá bótaupphæðinni. Verður ekki fallizt á þá kröfu stefnanda, og verður upphæð þessi dregin frá bótaupphæðinni.

Samkvæmt framansögðu ákvarðast bætur eftir þessum lið til stefnanda, eins og hér segir:

$\frac{3}{4}$ af kr. 135.796.00 .....	kr. 101.847.00
÷ greiðslur frá Tryggingastofnun og stefnda	— 34.564.75

---

Kr. 67.282.25

---

Ber stefnda að greiða þessa upphæð.

2. Fyrir þjóningar, lýti og röskun á stöðu og högum kr. 50.000.00. Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og öðrum atriðum, sem hér koma til álita, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 30.000.00.

3. Tjónútreikningur kr. 450.00. Upphæð þessi er samkvæmt reikningi tryggingafræðings, og ber að dæma stefnda til að greiða hana.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 97.732.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. 7. 1959 til 21. 2. 1960 og 10% ársvöxtum frá 21. 2. 1960 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 10.500.00.

Fyrir dæmdum upphæðum skal stefnandi hafa sjóveðrétt í m/b Pólstjörnnunni, ÍS 85.

#### Dómsorð:

Stefndi, Muninn h/f, greiði stefnanda, Kristóbert Rósin-karssyni, kr. 97.732.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá 21. febrúar 1960 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 10.500.00 í málskostnað.

Fyrir dæmdum upphæðum skal vera sjóveðréttur í m/b Pólstjörnnunni, ÍS 85.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.